

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 48/2020

2023/EES/19/02

frá 3. apríl 2020

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/459 frá 30 mars 2020 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á Bandalagsflugvöllum ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 64b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 0459**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/459 frá 30. mars 2020 (Stjttíð. ESB L 99, 31.3.2020, bls. 1).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2020/459, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. apríl 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. apríl 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 99, 31.3.2020, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.